

YFIRLÝSING UM ÁBYRGÐ

skv. 2. mgr. 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun sorps

Sveitarfélagið Árborg ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem settar eru fram í fyrirmælum Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun urðunarstaðar í landi Lækjarmóta í Sveitarfélaginu Árborg, sbr. ákvæði 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Það er forsenda þessarar yfirlýsingar að landeigandi hefur nú samþykkt þær framkvæmdir sem fyrirhugað er að ráðast í skv. lokunarfyrirmælum sem Umhverfisstofnun hyggst gefa út og veitir landeigandi fullan óheftan aðgang að svæðinu í þeim tilgangi að uppfylla lokunarfyrirmælin.

Af hálfu Sveitarfélagsins Árborgar er litið svo á að yfirlýsing þessi jafngildi starfsleyfistryggingu, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Ábyrgð þessi gildir í 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.

Urðunarstaðnum var lokað þann 19. ágúst 2018.

Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar,

Selfossi 1. júlí 2020,



Gísli Halldór Halldórsson
bæjarstjóri Árborgar